

FUNDARGERÐ

330. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 30. júní 2022 í fundarsal skrifstofu Úrvinnslusjóðs að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Verkefnin framundan
3. Flutningsjöfnun
4. Heyrúlluplast
5. Sérstök söfnun
6. Skipulag skrifstofu
7. Blandaðar plastumbúðir frá heimilum
8. Fyrsti fundur eftir sumarfrí
9. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁHJ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Drög að fundargerð 329. fundar var samþykkt með breytingum sem voru gerðar á líðandi fundi.
2. Ákveðið var að í stað þess að fundarritari deili fundarpunktum sínum með öðrum stjórnarmönnum yrði það í höndum einstakra stjórnarmanna að halda utan um minnispunkta á stjórnarfundum.
3. Ákveðið var að taka tillögur um breytingar á úrvinnslugjöldum fyrir á næsta stjórnarfundum.
4. Samþykkt var tillaga um breytt fyrirkomulag flutningsjöfnunar.
5. Ákveðið var að endurgjald fyrir baggað heyrúlluplast yrði óbreytt.
6. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að leggja fyrir næsta stjórnarfund verkefnaáætlun vegna stafrænnar þróunar.

7. Ákveðið var að halda sameiginlegan hálf dags fund starfsmanna og stjórnar Úrvinnslusjóðs í ágúst.
8. Ákveðið var að næsti stjórnarfundur yrði haldinn kl. 10:00 þriðjudaginn 16. ágúst 2022.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 08:32

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Drög að fundargerð 329. stjórnarfundar lágu fyrir á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs. Gerðardrögin voru SAMÞYKKT með breytingum sem var ráðist í á staðnum og verður fundargerðin send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

BSB lagði til að í stað þess að fundarritari deili fundarpunktum sínum með öðrum stjórnarmönnum yrði það í höndum einstakra stjórnarmanna að halda utan um minnispunkta á stjórnarfundum. Tillagan var SAMÞYKKT.

2. Verkefni framundan

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir skjal með heitið *F330 D03 Verkefnaáætlun staða mála 28.6.22* sem lögð voru fyrir stjórn á fyrri stjórnarfundum.

Í máli ÓK kom fram að áhersla væri lögð á undirbúning tillagna til URN um breytingar á úrvinnslugjöldum. Þá tilkynnti ÓK að von væri á erindi frá URN vegna sérstakrar söfnunar heimilisúrgangs og frá Skattinum (tollamál) vegna tæknilegra atriða sem snerta álagningu úrvinnslugjalds.

ÁKVEÐIÐ var að taka tillögur um breytingar á úrvinnslugjöldum fyrir á næsta stjórnarfundum.

3. Flutningsjöfnun

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir skjal með heitið *F330 D03 Drög að minnisblaði um endurskoðun á flutningsjöfnun 29.6.22*.

Gunnar Bragason, ráðgjafi, var gestur stjórnar undir umfjöllun stjórnar um dagskrárliðinn.

Gunnar og ÓK gerðu stjórn grein fyrir efni og forsendum tillögunnar og svöruðu spurningum stjórnarmanna. Gunnar vék af fundi kl. 09:27.

Stjórn ræddi málið, m.a. hvað viðkemur söfnun á heyrúlluplasti, söfnun á afskekktum stöðum og söfnun á höfuðborgarsvæðinu. Þá var rætt um kostnaðarforsendur, framkvæmd og fyrirkomulag eftirlits með því að söfnun fari fram, m.a. á uppgefnum stað.

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga:

Gerð er tillaga um breytta flutningsjöfnun sem samanstendur af greiðslu fyrir söfnun (akstur og tæming á úrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga) annars vegar og flutninga milli landshluta hins vegar, sbr. töflur í stjórnargátt. Breytingar taki gildi 1.7.2022. (Töflurnar sýna tillögu um flutningsjöfnun fyrir vöruflokka eftir pósthúmerum með sama hætti og núverandi flutningsjöfnun er byggð upp.)

Þegar ákvæði um sérstaka söfnun taka gildi 1.1.23 verða gerðar sambærilegar töflur um söfnun og flutninga fyrir þá vöruflokka sem falla undir ákvæði um sérstaka söfnun. Þessar töflur munu taka mið af uppruna úrgangsins (heimatunnur, grenndargámar o.s.frv.) hvað söfnun varðar og óskum sveitarfélaga um að greiðslur frá Úrvinnslusjóði fari beint til sveitarfélaga fyrir sérstaka söfnun.

Tillagan var samþykkt með atkvæðum MJ, LÓ, BSB, GH og HH. ÁHJ og EM sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

ÁHJ og EM lögðu fram eftirfarandi bókun:

Forsendur flutningsjöfnunar byggja á meðhöndlunarstöðum og í dag er ekki gert ráð fyrir meðhöndlunarstöðum sem reknar eru af sveitarfélögum. Breytingarnar gera einnig ráð fyrir því að heyrúlluplasti sé safnað við hvern bæ og að greiðslur sjóðsins geti einungis runnið til skráðra þjónustuaðila. Þetta heldur kerfinu lokuðu og lítill hvati er t.d. fyrir bændur sem velja að fara sjálfir með plastið í viðurkenndan farveg. Eins er óljóst hvernig greiðslur vegna flutningsjöfnunar munu skila sér til sveitarfélaga og ætti sérstaklega að horfa til sveitarfélaga þar sem kostnaður við meðhöndlun úrgangs er hár svo sem þar sem dreifbýli er hvað mest og hjá eyjasamfélögum.

Höfuðborgarsvæðið er undanskilið umræddum breytingum en kostnaður sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er mismikill og ástæða er til í að skoða betur kostnaðarskiptingu ásamt því að rýna heildrænt raunkostnað vegna flutnings úrgangs sem ber framleiðendaábyrgð, frá uppruna úrgangs þar til honum er ráðstafað, og greiðslur sjóðsins vegna hans.

Það er álit fulltrúa sveitarfélaga að mikilvægt er auka gagnsæi og áreiðanleg gögn til að sannreyna upprunastað úrgangs og tryggja að flutningur hafi átt sér stað. Það er mikilvægt að greina sviksemisáhættu samfara þeim breytingum sem eru að verða á greiðslum vegna flutningsjöfnunar og gera áætlun til að draga sem mest úr henni.

Fulltrúar sveitarfélaga í stjórn leggja jafnframt áherslu á að við ákvarðanir í umfangsmiklum breytingum þarf að vanda undirbúning og kynningu og markmið þurfa að vera skýr.

4. Heyrúlluplast

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga MJ:

Endurgjald fyrir fullunnið heyrúlluplast (perlur) var hækkað tímabundið úr 90 kr./kg í 120 kr./kg síðast liðið sumar og hækkunin framlengd til 30.6.22 um síðustu áramót. Lagt er til að endurgjald fyrir baggað heyrúlluplast var óbreytt.

Tillagan var SAMÞYKKT.

5. Sérstök söfnun

Umfjöllun um dagskrárliðinn var frestað.

6. Skipulag skrifstofu

Fyrir fundinum lá skjal með heitið *F330 D06 Strategía Samantekt úr viðtölum og tillögur varðandi stjórnar- og stjórnunarhætti Úrvinnslusjóðs*.

Guðrún Ragnarsdóttir frá Stategíu var gestur á fundi stjórnarinnar. ÓK vék af fundi undir umfjöllun um dagskrárliðinn.

Guðrún kynnti stjórn efni samantektarinnar og svaraði spurningum stjórnarmanna.

Stjórn ræddi málið. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að leggja fyrir næsta stjórnarfund verkefnaáætlun vegna stafrænnar þróunar. Jafnframt var ÁKVEÐIÐ að halda sameiginlegan hálf dags fund starfsmanna og stjórnar Úrvinnslusjóðs í ágúst.

7. Blandaðar plastumbúðir frá heimilum

Fyrir fundinum lágu skjöl með heitin *F330 D07 Blandað plast frá heimilum júní 2022 erindi frá Terra 27.6.22 og Minnisblað um BHP og erindi Terra 27.6.22*.

Stjórn ræddi málið. EM kallaði eftir möguleika á betri yfirsýn yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs til ráðstöfunaraðila. Umfjöllun um dagskrárliðinn var frestað.

8. Fyrsti fundur eftir sumarfrí

ÁKVEÐIÐ var að næsti stjórnarfundur yrði haldinn kl. 10:00 þriðjudaginn 16. ágúst 2022.

9. Önnur mál

Fleira var ekki gert á 330. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 10:00.